

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



30. nóvember 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 344. mál á 151. löggjafarþingi

Neytendastofa o.fl. (stjórnsýsla neytendamála)

Hagsmunasamtök heimilanna beita sér fyrir réttindum neytenda á fjármálamarkaði, sem falla undir neytendaréttarsvið Neytendastofu. Frumvarpið felur í sér tilfærslu ýmissa verkefna Neytendastofu til annarra stofnana, sem falla ekki undir neytendaréttarsvið. Samtökin gera því ekki athugasemdir við þær tilfærslur, þar sem þær virðast ekki hafa áhrif á neytendaréttarsvið að svo stöddu.

Aftur á móti leggjast samtökin gegn öllum hugmyndum um að leggja Neytendastofu niður eða flytja verkefni hennar á sviði neytendaréttar til annarrar stofnunar. Öðru fremur leggjast samtökin áherslu á nauðsyn þess að sérhæfð stofnun á þessu sviði verði áfram fyrir hendi. Markmið endurskipulagningar stjórnsýslu neytendamála ætti fremur að vera að efla neytendaréttarsvið Neytendastofu og þar með eftirlit með því að réttindi neytenda nái fram að ganga í viðskiptum hér á landi. Enda er það að miklu leyti nauðsynlegt vegna skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is